

lægri en kr. 2 000.00 af skattskyldri fasteign. Af bílaþvottaplani greiðist aukaskattur kr. 15 000.00.

Framangreindir gjaldstuðlar um lágmarksvatnsskatt af fasteign skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 7.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

4. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, og ef mælingu verður ekki komið við, skal greiða gjöld, sem hreppsnefndin ákveður.

5. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

6. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mælis skal vera kr. 1 500.00 og leiga kr. 1 500.00 á ári fyrir hvern mæli.

7. gr.

Skýlt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

**S A M Þ Y K K T**

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað,  
nr. 74 20. mars 1945.

1. gr.

63. gr. orðist svo:

Alifugla, svo sem hæsni, endur og gæsir, má ekki hafa í kaupstaðnum, nema þeir séu hafðir í lokuðu byrgi eða annarri jafnöruggri vörslu. Séu alifuglar látnir

ganga lausir, þrátt fyrir aðvaranir lögreglunnar, getur hún látið lóga fuglunum á kostnað eigenda eða selt þá til lúkningar á kostnaði.

## 2. gr.

65. gr. orðist svo:

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfénað, má aldrei láta ganga lausan á kaupstaðarlóðinni innan fjárgirðingar bæjarins, nema hann sé hafður í öruggri girðingu, sem lögreglan tekur gilda, svo að ágangur á land eða lóðir annarra geti eigi hlotist af.

Búfénað má aðeins reka um götur bæjarins úr eða í haga, eða öðrum nauðsynlegum tilgangi, en þá skal maður ávallt fylgja honum.

## 3. gr.

66. gr. hljóði svo:

Bæjarstjórn kys þrjá menn í fjallskilastjórn til þriggja ára. Þeir skipta með sér verkum, ef bæjarstjórn hefur ekki öðruvísi ákveðið. Allar kindur á kaupstaðarlóðinni skulu reknar í afrétt fyrir 15. júní ár hvert, en fjallskilastjórn skal fyrirskipa fjáreksturinn í afrétt fyrr, ef hún telur henta. Er öllum fjáreigendum skylt að hlíta fyrirmælum fjallskilastjórnar um burtrekstur fjárins í afrétt, smölun afrétta og heimalanda og jafnar fjallskilastjórn kostnaðinum niður á fjáreigendur eftir fjáreign þeirra.

## 4. gr.

67. gr. orðist svo:

Búfénað, svo sem hesta, nautgripi og sauðfé, sem látið er ganga laust í bænum gagnstætt fyrirmælum samþykktar þessarar, skal lögreglan láta handsama, hýsa og fóðra. Einnig mega þeir, er fyrir ágangi verða, láta handsama ágangsfénað, en skýra skulu þeir lögreglunni frá því tafarlaust. Eigendum slíks fénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun þess og fóðrun og annan kostnað, sem af slíku leiðir, og má láta selja búfénaðinn á opinberu upphóði til lúkningar kostnaðinum, verði fénaðurinn ekki leystur út innan sólarhrings frá því eigandinn fékk vitneskju um handsömunina eða, ef eigi er vitað um eiganda, innan hæfilegs tíma eftir að auglýsing um fénaðinn hefur verið birt. Einnig skal eigandi slíks búpenings bæta allt það tjón, er hann hefur valdið.

## 5. gr.

116. gr. orðist svo:

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00.

## 6. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. ágúst 1977.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*